

1867.

31. október.

Að því er þessu næst snertir það atriðið, hvernig færðar verði sönnur á, eins og vera ber, að jörðum þessum sé haldið í góðu standi, álítur stjórnarráðið, eptir að það hefir skrifazt á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um það, að fullkomin trygging geti fengizt í þessu efni, ef að, eins og stungið er uppá í bréfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 15. júní-mán. f. á., lögð er fram fimta hvert ár lögmæt virðingargjörð á veðunum, og ef að hvers árs reikningi er látið fylgja vottorð frá hlutaðeiganda sýslumanni, um að ekki hafi orðið eiganda-skipti að veðunum umliðið ár, að minnsta kosti ekki með þinglesnu heimildarskjali, og að veðið hafi ekki honum vitanlega rýrnað að neinum mun umliðið ár, og ætti enn fremur að vera skýrt frá í vottorðinu, hvort borgaðir hafi verið skattar og önnur gjöld af veðunum. Eruð þér því beðnir, herra stiptamtmaður, að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf samkvæmt þessu.

4. nóvember. 57. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins og biskupsins yfir Íslandi, um aðstoðarféð, er veitt er í fjárhagslögunum til að launa ýmsum sýslunarmönnum við skólann.

Með bréfi dagsettu 18. ágústmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, sent hingað uppástungu um gjöld handa prestaskólanum og latínuskólanum í Reykjavík fjárhagsárið 1868—69, og er stungið uppá í áætluninni um gjöld latínuskólans, að hækka sumpart ýmsar undirdeildir í upphæð þeirri, sem veitt er í 20. gr. VI B 4 „önnur útgjöld til skólanna“ í fjárhagslögunum, sumpart „aðstoðarfé“ það, sem veitt er í fjárhagslaganna 20. gr. VI B 2 b, og hafið þér enn fremur farið þess á leit, að beðið verði um, að veittir verði 400 rd. til þess að kaupa fyrir rúm og rúmfatnað, svo að lærisveinum þeim, sem búa í skólanum, verði fjölgað um 10.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar,



að eins og stjórnarráðið hlýtur að álíta árangurslaust að fara þess á leit, að undirdeildir þær í 20. gr. VI B 4 í fjárhagslögnum, sem þær hafið vikið á, verði hækkaðar — nema einungis „fyrir prestsverk við skólann“, sem naumast verður ætlað, að átt hafi að lækka í þessa árs fjárlögum — þar sem að ríkisþingið neitaði að veita allar viðbæturnar við sömu liðina í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið, sem nú er að liða, eins virðist stjórnarráðinu ástæðulaust að fara þess á leit, að „aðstöðarfé“ það, 800 rd. að upphæð, sem veitt er í 20 gr. VI B 2 b í fjárhagslögnum verði hækkad um 80 rd., og út af því, sem þar um er sagt í bréfi yðar, skal stjórnarráðið geta þess, sem hér fer á eptir.

Í lögnum 19. janúarmán. 1863 um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi 2. grein var „aðstöðarfé“ það, sem veitt er meðal útgjalda handa Íslandi, er snerta kirkju- og kennslustjórnina, fært upp í 1100 rd., og voru 300 rd. af því ætlaðir til þóknunar fyrir að hafa á hendi umsjónarstörf í latínuskólanum, og samkvæmt því var ákveðið í bréfum stjórnarráðsins 13. febrúarm. 1863 og 23. októberm. s. á., að einum af kennurum skyldi falin á hendur umsjónarstörf in í skólanum fyrir 300 rd. þóknun, að söngkennarinn og organleikarinn skyldi fá 230 rd., fimleikakennarinn 200 rd. og dyravörðurinn 300 rd., og að þeim 70 rd., sem afgangs yrðu, skyldi skipt niður milli söngkennarans og fimleikakennarans. Með bréfi stjórnarráðsins 7. maímán. 1864 var ákveðið, að aðstöðarfénu skyldi skipt eins niður fjárhagsárið 1864—65, en með því að yfirstjórn skólans hafði skýrt frá, að hún gæti ekki fengið neinn af kennurunum til að taka að sér umsjónarstörf in í skólanum, leyfði stjórnarráðið í bréfi 15. októbermán. s. á., að öllum kennurunum í sameiningu væri falin umsjónarstörf in á hendur fyrir 30 rd. þóknun handa hverjum þeirra, og þar á ofan var, meðan umsjónarstörf unum væri þannig háttad, söngkennaranum veitt 100 rd. viðbót og fimleikakennaranum 50 rd. viðbót það fjárhagsárið, en um leið skýlaust tekið fram, að þar af mætti ekki leiða, að þessar viðbætur yrðu veittar framvegis. Fyrir fjárhagsárin 1865—66 og 1866—67 var sama skipting á aðstöð-

1867.

4. nóvember.



1867. arfænu — þó þannig, að fimleikakennarinn hið sýðarnefnda fjárhagsárið að eins átti að fá 200 rd. af því — samþykkt með bréfum stjórnarráðsins 26. febrúarmán. 1866 og 22. júníman. s. á., með því ekki hafði tekizt ennþá að koma því skipulagi á um umsjónarstörfin, sem ætlaðt var til upprunalega. En nú, er búið er samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 4. októbermán. f. á. að setja fastan umsjónarmann við skólann með 500 rd. launum, hvar af 300 rd. eru teknir af hinu fyrra „aðstoðarfé”, er það alveg samkvæmt lögunum 19. janúarmán. 1863 og öllum úrskurðum stjórnarráðsins, sem nefndir eru hér að framan, að upphæð þessari hefir þetta fjárhagsárið verið skipt í 300 rd. til umsjónarstarfa og 800 rd. „til aðstoðar”, með því að það er vitaskuld, að launaviðbætur þær, sem söngkennaranum og fimleikakennaranum voru veittar um stundarsakir, meðan allir kennararnir í sameiningu höfðu umsjónarstörfin á hendi fyrir 150 rd. þóknun alls, verða að falla burtu undir eins og þessi störf eru falin föstum umsjónarmanni á hendur fyrir 300 rd. þóknun þá, sem upprunalega var ætluð til þess, og að þessvegna á að skipta niður aðstoðarfé því, sem veitt er fyrir þetta fjárhagsárið, á þann hátt, sem fyrir er skipað í bréfum stjórnarráðsins 13. febrúarm. og 23. októberm. 1863, það er segja þannig, að söngkennarinn og organleikarinn fær 230 rd., fimleikakennarinn 200 rd., dyravörðurinn 300 rd. og þeim 70 rd., sem eptir verða, sè skipt niður milli söngkennarans og fimleikakennarans á þann hátt, sem yfirstjórn skólans álitur hentastan; og á að skipta launaviðbótinni eptir kornverði af aðstoðarfænu niður milli þessara sýslunarmanna eptir sama blutfalli og nú var sagt.

Að endingu skal því við bætt, að með því að fjárstjórnin hefir verið því mótmælt, að 400 rd. þeir, sem getið er um hér að ofan, til þess að kaupa fyrir rúm og rúmfatnað handa 10 nýjum heimasveinum, sè teknir í frumvarpið til fjárhagslaganna fyrir næsta fjárhagsár, hefir stjórnarráðið ekki getað gjört neitt frekara í því efni.